

Sp.

15. Tillaga til þingsályktunar

[12. mál]

um varnir gegn brunatjóni.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum.

Greinargerð.

Það hefur vakið ugg landsmanna, hversu tíð brunatjón hafa orðið á ýmsum atvinnutækjum síðustu ár, sérstaklega á frystihúsum, netagerðum, mjölverksmiðjum og bifreiðaverkstæðum. Hver eldsvoðinn á fætur öðrum hefur eyðilagt nauðsynleg og dýr mannvirki og valdið milljónatjóni.

Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, er áætlað, að íslensk tryggingarfélag hafi á árinu 1956 greitt yfir 17 milljónir króna fyrir brunatjón ýmiss konar, og voru mörg hin stærstu á atvinnutækjum. Á liðandi ári verður þessi upphæð án efa verulega hærri, þar sem fjögur stór atvinnufyrirtæki, frystihús í Tálknafirði, á Akranesi og í Keflavík og nótastöð á Siglufirði, hafa brunnið, og er tjón á þessum fjórum stöðum einum áætlað 10–12 milljónir króna. Við þetta bætist að sjálfsgöðu mikið vinnslutjón, og fara þar sennilega milljónaverðmæti forgörðum.

Flest þau verðmæti, sem brunnið hafa og brunnið geta, eru að vísu tryggð og að verulegu leyti endurtryggð erlendis. En þess ber að minnast, að iðgjöld trygginga hljóta að ákveðast eftir brunahættu og reynslu af tryggingum á hverjum stað. Hin mikla aukning, sem orðið hefur á brunatjóni hérlendis, hlýtur því, ef ekki verður spyrnt við fæti, að draga á eftir sér hærri endurtryggingaiðgjöld, sem aðeins er hægt að greiða með hærri brunatryggingaiðgjöldum innanlands. Þannig geta nokkrir eldsvoðar orðið til þess að auka rekstrarkotnað nálega allra atvinnutækja í landinu með hækkuðum tryggingakostnaði.

Það er að vísu erfitt að forðast eldinn, en með nútíma kunnáttu og tækni hlýtur að vera hægt að draga miklu meira úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum en hér hefur enn verið gert. Það er von flutningsmanns, að ýtarleg rannsókn á þessu máli geti leitt til einhverra þeirra ráðstafana, er verulega dragi úr eldhættu í þeim atvinnufyrirtækjum, sem þjóðin byggir afkomu sína á.